

BMF-2015-02 Bjórverksmiðja

Hágæða bjórframleiðsla á Breiðdalsvík. Sótt er um styrk til þess að standa straum af fyrstu verkþáttum verkefnisins. Stofna þarf fyrirtæki til þess að annast uppsetningu og rekstur bjórverksmiðjunnar en nú þegar hefur verið ráðist í kaup á húsnæði á Breiðdalsvík sem fyrirhugað er að hýsi verksmiðjuna. Ráðast þarf í framkvæmdir við standsetningu á húsnæðinu, sækja um tiltekin leyfi og semja við verktaka. Eins þarf að ráðast í samninga við erlenda aðila um smíði á bruggtækjum. Haft verður samstarf við aðrar bruggverksmiðjur á Íslandi sem áður hafa farið í gegnum svipað ferli um ráðgjöf, einnig er nú þegar til staðar ráðgjafi frá Carlsberg í Danmörku sem vill vera partur af verkefninu, þó einungis sem ráðgjafi. Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við alla verkþætti sem nefndir eru hér að ofan í vetur. Fyrirhugað er að verksmiðjan þegar hún er kominn í gang skapi um 2 störf á heilsársgrundvelli og framleiði afurðir sem seldar verði á Íslandi öllu og í framhaldinu erlendis.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr. árið 2015.